

33. fundur í Fræðslunefnd Langanesbyggðar 12. desember 2017 í Menntasetrinu á Þórshöfn kl 14

Mættir; Kristinn Lárusson, Sigríður Harpa Jóhannesdóttir, Sólrún Arney Siggeirsdóttir, Árni Davíð Haraldson, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Stefán Benjamínsson, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Svala Sævarsdóttir, Hjördís Matthilde Henrikssen og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar

1. Leikskólinn Barnaból

- a. Lykiltölur lagðar fram og kynntar

Hjördís fór yfir helstu atriði. Börnun hefur fækkað frá fyrra ári. Tveir starfsmenn í veikindaleyfi mest alla haustönnuna og annar verður áfram út allt starfsárið, afleysing ráðin frá áramótum, Sigurbjörg Hulda Kristinsdóttir.

- b. Skólanámsskrá lögð fram til kynningar.
- c. Starfsáætlun 2017-2018 lögð fram til samþykktar. Borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.
- d. Skýrsla skólastjóra

Haustið býið að vera svolítið þungt en þrátt fyrir það hefur starfsemin gengið ágætlega og hefur starfsfólk gengið í þau störf sem vantar en komið er að þolmörkum og þreyta í starfsfólki.

Öllum hefðbundum dögum haldið t.d. jólaball 18. des, jólaföndur foreldrafélagið með 12. des. o.fl.

2. Grunnskólinn á Þórshöfn

- a. Niðurstöður úr skólapúlssi og samræmdum prófum

Nú er komin nefnd um innra mat í skólanum og er skólapúlssinn (6.-10 bekkur, starfsmenn og foreldrar) og samræmd próf notuð sem vörður í því. Í skólapúlssinum eru 4 mismunandi þættir skoðaðir;

Það sem kemur jákvætt fram í nemendakönnun er að þrautseigju í námi ehfur aukist, þeir upplifa að þeir hafi stjórn á eigin lífi, vellíðan hefur aukist og þeir upplifa góðan aga í tímum og treysta kennurum sínum.

Það sem þarf að vinna með;

Einelti mælist enn í skólanum en hefur tíðni þess farið niður.

Tíðni hreyfingar hefur farið verulega niður síðasta ár.

Samræmd próf í 4. og 7. bekk voru um miðjan september.

- b. Lykiltölur lagðar fram og kynntar

Ásdís renndi yfir helstu þætti.

- c. Skýrsla skólastjóra

Eldri borgarar komu á opin dag 21. október

Allir starfsmenn fóru til Danmerkur í október á námskeið í Kontiki skólanum í Hillröd til að kynna sér námaðferðirnar sem notaðar eru þar. Kennarar hafa verið að nýta sér margt skemmtilegt af þessu námskeiði inn í sína kennslu.

Sykur Soffía kom í skólann og var með danssmíðju og sýningu á Raufarhöfn.

Fyrsta vikan í desember var lýðheilsuvika þar sem margt var fléttað inn sem kemur að heilsu og heilbrigði. M.a. Anna Lilja, Kristín Heimisdóttir og Tryggvi Steinn komu með fræðsluerindi.

Framundan eru jólastöðvar 13.-14.des og fyrsta heimsókn leiksskólahóps.

Nóg að gera í fundum og heimsóknum.

Allir starfsmenn Langanesbyggðar fóru saman á jólahlaðborð á Bárinni síðustu helgi.

Heilt yfir gengur skólastarfið vel og agavandamál þekkist varla.

3. Tónlistarskólinn á Þórshöfn

a. Staða og umsóknir um tónlistarnám

Tónlistarkennarinn er væntanleg strax eftir áramótin. 17 nemendur hafa sótt um nám á næstu önn, en ætlar Ásdís að ýta við foreldrum hvort einhverjir eigi eftir að skrá sig.

Fundargerð lesin og fundi slitið 15.55